

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4
4. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 4. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

5
4. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar.

2. gr.

Laun fiskifulltrúans greiðast að þriðjungi úr ríkissjóði, en hinn hluta launanna greiða Landsbankinn og Íslandsbanki, að helmingi hvor.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum til-
lögum bankanna, og sá hlutinn, sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn
upp í fjárlög.

4. gr.

Landsstjórnin gefur fulltrúanum erindisbrjef og ákveður starfssvið hans.

1925

18

5
4. maí

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Christiansborgarhöll, 4. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

6
11. maí

KONUNGSBRJEF

um

þingsuppsögn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem Vorum forsætis-
ráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi
slitið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum einhvern næstu daga.

Ritað á Amaluborg, 11. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Til

herra Jóns Magnússonar, Vors forsætisráðherra fyrir Ísland.